

Frumkvöðlaskólinn – fyrir þá sem vilja meira

1. Er þetta eitthvað fyrir þig?

Þeir sem við viljum ná til eru einstaklingar sem hafa lengi hugsað hvernig þeir geti gert betur í sínu lífi. Aðilar sem brenna fyrir því að gera meira, starfa sjálfstætt og vilja byggja upp viðunnandi tekjur í byrjun og geta síðan jafnt og þétt aukið sínar tekjur. Þetta er stór hópur og margir í þessum hópi hafa ekki það sem þarf til að fara af stað, undirbúa sig hugarfarslega eða búa að sjálfsaga og þekkingu til að takast á við þær áskoranir sem þarna er að finna.

2. Sérhæft fræðslu- og þekkingarumhverfi fyrir aðila sem vilja meira

Þar kemur að okkur hjá Frumkvöðlaskólanum, en þar er hægt að fá þá fræðslu og grunnþekkingu sem þarf til að takast á við svona ferðalag:

- Fyrst er tekið á persónulegum kjarnamálum hvers og eins til að styrkja undirstöður
- Síðan kemur fræðsla í persónulegum fjármálum og leikreglum hagkerfisins
- Næst er farið í gegnum leiðtogaþjálfun og samskiptafærni
- Þessu líkur með sérhæfðri þjálfun í að hámarka sístreymi tekna og eignamyndun

3. Viðskipta- og frumkvöðlamarkþjálfun meðfram fræðsluumhverfi

Samhliða þessu sérhæfða fræðslu- og þekkingarumhverfi er fyrir hendi sérhæfð viðskipta- og frumkvöðlamarkþjálfun þar sem reyndir og vel menntaðir markþjálfar vinna með hvern og einn aðila á hans forsendum. Þar er farið í gegnum:

- Stöðugreining – þekking, reynsla og persónuleg staða metin
- Markmiðasetning – hvert viltu fara og hverju viltu ná fram
- Stefnumótun – nákvæm lýsing á því hvaða þarf til að ná markmiðum
- Aðgerðaráætlun – tímasett áætlun um aðgerðir samkvæmt stefnumótun og markmiðum
- Endurmat – reglulegt endurmat á aðgerðaráætlun til að stilla af aðgerðir

